

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	4.4.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Magnússon, Helgi Björn	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubunda eftirlit ársins, fram komu 3 frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits:

1. Arsenmælingar
2. Fráveitulagnir
3. Skráningar og útreiknuð losun
4. Reykmengun
5. Aðgerðir vegna ryk- og lyktarmengunar
6. Frágangur á lóð
7. Önnur Mál

1. Rætt var um arsenmælingar í ryki sem hafa verið mikið í umræðunni seinustu vikur. Í fyrstu lotu ryksýna sem send voru til rannsókna frá mars til september 2016 sýndu mælingar á arseni sveiflur í kringum 1 ng/m³. Í seinni lotu sýna sem stóðu frá október til desember, sýndu mælingar á nær öllum þungmálmum um fimmföld gildi og var hæsti styrkur af arsens um 6,9 ng/m³ fyrir desember. Umhverfismörk arsens eru 6 ng/m³ fyrir heilt ár. Þriðja lota sýna var send út nýverið og eru komnar niðurstöður úr rannsóknum á þeim og sýna nú aftur rúmlega 1 ng/m³ fyrir janúar til mars 2017. Rekstraraðili telur að mistök hafi verið gerð við rannsóknir á lotu 2 þar sem lítið samhengi er á milli magn arsens í hráefnum og útreikningum á losun frá verksmiðjunni. Rannsóknarstofan í Svíþjóð sem sér um greiningar á sýnunum, hefur sent frá sér tilkynningu um að mistök hafi verið gerð í mælingum á sýnum í lotu 2. Réttar mælingar eru að sveiflast á í kringum 1ng/m³.

2. Rætt var um leyfi fyrir fráveitulagnir á hafnarsvæðinu en rekstraraðili hefur bráðabirgðaleyfi frá höfninni til loka maí fyrir fráveitulagnir á höfninni. Bent er á að ef borað hefur verið eftir kælivatni eða losun á sér stað út í sjó þarf að liggja fyrir starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Suðurnesja og er afrit af eftirlitsskýrslu send til þeirra.

3. Rætt var um skil á gögnum en rekstraraðila ber að senda útstreymisbókhald, grænt bókhald, umhverfisvöktun og niðurstöður mælinga ásamt mati á útblæstri til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert skv. starfsleyfi.

4. Stofnuninni hafa borist myndir af reyk sem leggur frá verksmiðjunni en reykinn leggur oftast frá minna reykhreinsivirki sem er frá afsogi af töppun og útsteypingu. Rekstraraðili telur ástæðuna vera síu sem anni ekki rykinu og pokarnir sem eiga safna rykinu hrynji niður og skapa þar með reykmenngun fyrir utan ofnhúsið. Rekstraraðili hefur leitað til fyrirtækisins A&G og fengið tilboð er varðar kaup og uppsetningu á nýrri síu í hreinsivirkið. Loka á þá ristum og fara almennt yfir loftræstinginu á húsinu við útsteypingu og töppun. Til að bæta rekstur hefur afl ofnsins verið lækkað úr 30 MW í 28 MW.

5. Aðilar frá Matís eru væntanlegir í næstu viku til að mæla andrúmsloft ef veður leyfir. Búið var að semja um að þeir kæmu fimmtudaginn nk. en veðurspá lofar ekki góðu. Þeir munu reyna mæla hvaða efni það eru sem valda ólyktinni og finna uppruna þeirra. Nú þegar eru komnar kenningar á lyktina varðandi viðarflísina.

6. Búið er að hreinsa allt afgangsbimbur af lóðinni og taka inn í hús rafskautamassann (electrode paste). Til að ná öllum rafskautamassanum inn koma nú tíðari sendingar af því og minna magn í einu. Þó er enn eitthvað af efninu sem blandaðist út í jarðveg og mokað var upp, geymt í gám og pokum á lóðinni.

7. Farið var í skoðunarferð um svæðið en gengið var um lóðina. Tunnur og bambar með glussa og olíu stóðu á planinu. Engar lekabyttur voru undir og engin árekstrarvörn. Bent er á að lekabyttur eða önnur lekavörn þarf að vera undir spilliefnum er standa á plani. Einnig er þar enn geymt slagg en í útskolunarprófum mældist TDS (Total Dissolved Solids) gildi of há og hafði stofnunin samþykkt tímabundna geymslu á óbundnu slitlagi en óskaði jafnframt eftir tímasettri úrbótaáætlun sem hefur ekki borist. Í lok ferðar var farið að túðu frá minna reykahreinsivirki en þar var sýnilegur reykur fyrir utan.

Frávik frá

grein 2.3 - Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri.

Lýsing á fráviki

Minna reykahreinsivirki annar ekki reyk sem myndast eftir töppun og útsteypingu og veldur reykmenkun fyrir utan ofnhús.

grein 2.2 í starfsleyfi og reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Olíugeymir er geymdur á lóð með engri árekstrarvörn. Glussi og önnur efni í tunnum eru geymd á lóð án þess að vera með lekabyttu undir.

grein 2.2 - engin mengandi efni mega leka í jarðveg

Slagg er yfir mörkum TDS í útskolunarprófi og má því ekki geyma á óbundnu slitlagi.

ANNÆÐ

Með í eftirlitinu var Guðbjörg Stella Árnadóttir teymisstjóri eftirlitsteymis Umhverfisstofnunar. Reynir, starfsmaður Sameinaðs Sílikons fylgdi eftirlitsmönnum um útsvæði að loknum fundi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.06.2017


Einar Halldórsson